

**Mál nr. 212/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.**

**Tjónsatburður. Sönnun.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. júní 2025.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni hinn 5. apríl 2024, er bakkað var á hana á bílastæði fyrir utan verslun í Mosfellsbæ. Bifreiðinni hafi síðan verið ekið á brott. Um hafi verið að ræða svartan jeppling og hafi M ekki tekið eftir skráningarnúmerinu. Eftir atvikið hafi M fundið til í hálsi, öxl og baki. Slysið var tilkynnt til tjónsuppgjörsmiðstöðvarinnar V þann 1. október 2024 og síðan hafi sú tilkynning verið ítrekuð nokkrum sinnum. Þann 31. janúar 2025 hafi V hafnað ábyrgð á slysinu. M byggir kröfu sína á 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og reglugerð nr. 1244/2019 um ökutækjatrýggingar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar hafnar V því að slysið hafi verið tilkynnt 1. október 2024 og að tilkynningin hafi verið ítrekuð nokkrum sinnum. Það sé alrangt. Bréf dagsett 1. október 2024 hafi verið sent til V með tölvupósti 30. janúar 2025 og hafi það verið fyrsta tilkynningin til V um þetta slys. Daginn eftir hafi sama bréf verið póstlagt og sent á skrifstofu V. V hafi svarað fyrrgreindum tölvupósti daginn eftir, eða 31. janúar 2025, þar sem óskað var eftir frekari gögnum áður en afstaða væri tekin til bótaskyldu af hálfu V vegna óþekkts ökutækis í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Það sé því ekki rétt að V hafi hafnað ábyrgð á slysinu. Með málskoti þessu komi fram ýmis gögn sem nú fyrst séu að koma fyrir sjónir V. Það séu gögn sem V vantaði til að taka afstöðu til bótaskyldu. Staðfestir V í bréfi sínu til nefndarinnar að það gangist við ábyrgð á slysinu.

**Álit.**

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samþykktar úrskurðarnefndar er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að varnaraðili hafi hafnað kröfu málskotsaðila eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að málskotsaðili lagði málið og nauðsynleg gögn fyrir viðkomandi vátryggingafélag. Hefur M ekki mótmælt því sem fram kemur í athugasemdum V til nefndarinnar og í raun kosið að nýta ekki rétt sinn til þess að koma með frekari athugasemdir. Af gögnum málsins verður ráðið að fyrsta tilkynning um slysið barst V með tölvupósti 30. janúar 2025 og að félagið tók þegar til við að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum til að geta tekið efnislega afstöðu. Þá liggur fyrir að V hefur í bréfi til nefndarinnar lýst því yfir að félagið gangist við ábyrgð á slysinu samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatrýggingar. Með hliðsjón af þessu verður að leggja til grundvallar að skilyrði til meðferðar málsins hjá úrskurðarnefndinni séu ekki uppfyllt og verður máli M því vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða.**

Kröfu M á hendur V er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 16. desember 2025.  
rafræn undirskrift.

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir